

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úteyjar II.*
Í breytingunni felst að frístundalóðum verður fjölgað úr níu í tólf, gert er ráð fyrir lóð fyrir skemmu/hesthúsi. Byggingarreitir fyrir bátaskýli er felldur niður.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. janúar 2008.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hjálmsstaða II, Fótaholt.*
Í deiliskipulaginu felst að á um 6 ha svæði er gert ráð fyrir fimm frístundahúsalóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 250 m² frístundahús og 30 m² aukahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. desember 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. mars 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2010